

Ed. 508. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 61. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 51 27. júní 1921, skal eftirleiðis heita Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og starfar hann með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.
2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri

tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

Þeim starfsmönnum ríkisins, sem rétt eiga á lifeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinir sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga.
3. Starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—3 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr., og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingarfræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, vaxta-bréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skulda-bréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum allt að 60% af fasteignamati þeirra, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækking mætti vera og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími.	Ellilífeyrir.
10 ár	12,5 %
11 —	14,0 —
12 —	15,5 —
13 —	17,0 —
14 —	18,5 —
15 —	20,0 —
16 —	22,0 —
17 —	24,0 —
18 —	26,0 —
19 —	28,0 —
20 —	30,5 —
21 —	33,0 —
22 —	35,5 —
23 —	38,0 —
24 —	41,0 —
25 —	44,0 —
26 —	47,0 —
27 —	50,0 —
28 —	53,0 —
29 —	56,5 —
30 — eða lengur	60,0 —

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingaryfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazi rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. mgr. þessarar gr., sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skyllt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til mun og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn, á þeim tíma sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslauninum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslauninum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslauninum, er náð, eftir 30 ára starfstíma.

Hafi hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslauninum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsg. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 50% hærrí en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsg. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans,

samkvæmt 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lögð niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

17. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með $\frac{1}{2}$ árslífeyrisins fyrirfram á hverjum mánuði.

19. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

20. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögðald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtu- maður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1943.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með bréfi, dags. 17. nóv. 1942, fól ríkisstjórnin þeim prófessor Ólafi Lárussyni og Guðmundi Guðmundssyni tryggingafræðingi að endurskoða lög um lífeyrissjóð embættismanna og lög um lífeyrissjóð barnakennara og að semja frumvörp til laga um breytingar á þessum lögum, eftir því, sem þurfa þætti. Hafa þeir samið framanritað frumvarp og frumvarp til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, og fylgdi hinu fyrrnefnda eftirfarandi greinargerð:

Hinn 22. maí 1942 var samþykkt í sameinuðu Alþingi svofelld þingályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og semja frumvarp um breytingar á lögum nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna, og lögum nr. 33 s. d., um lífeyrissjóð barnakennara, og leggja það fyrir Alþingi á þessu ári.

Breytingarnar skulu miðaðar við eftirtalin atriði:

1. Að ellilífeyrir og ekkjulífeyrir geti á hverjum tíma verið svo háir, að þeir nægi til sómasamlegs framfæris hlutaðeigandi lífeyrisþega, þegar um fullan lífeyri er að ræða.
2. Að örorkulífeyrir verði jafnhár ellilífeyri, ef um algera örorku er að ræða, sem hefur orsakað af því opinbera starfi, er öryrkinn gegndi.
3. Að börnum, sem yngri eru en 16 ára við andlát foreldris síns, er var sjóðfélagi eða lífeyrisþegi, sé tryggður nokkur styrkur þar til þau eru fullra 16 ára.
4. Að sjóðfélögum, sem fara úr sjóðnum í lifanda lífi og af öðrum orsökum en þeim, er veita lífeyrisrétt, sé tryggð endurgreiðsla úr þeim, allt að því eins mikil og iðgjaldaupphæðinni nemur, sem þeir hafa greitt í sjóðinn, reiknuð án vaxta.
5. Að í lífeyrissjóð embættismanna verði ekki aðeins teknir allir þeir menn, er taka laun samkvæmt launalögum, heldur og allir fastráðnir starfsmenn við ríkis-

stofnanir, svo og við sjálfseignarstofnanir, sem njóta ríkisstyrks eða ríkis-
ábyrgðar.

6. Að iðgjöldin verði framvegis greidd að hálfu af hvorum aðila, launþega og
launagreiðanda.

7. Að ríkið leggi fram það fé, sem þarf til að koma breytingunni á.“

Tillögunni hafði fylgt svo hljóðandi greinargerð:

„Röskir tveir áratugir eru liðnir frá því að lífeyrissjóðir barnakennara og emb-
ættismanna voru stofnaðir. Á þeim tíma, og þó einkum á tveimur síðustu árum, hafa
fjárhagsástæður í landinu breytt svo mjög, að sjóðirnir leysa ekki lengur af hendi
það hlutverk, sem þeim er ætlað, en það er að sjá opinberum starfsmönnum og ekkju-
um þeirra fyrir framfærslueyri, þegar starfskrafta mannsins nýtur ekki lengur,
hvort heldur það er sökum dauða, elli eða vanheilsu.

Ellilífeyrir miðast við grunnlaun án nokkurs tillits til verðlagsuppbótar og get-
ur í engu tilfelli numið meiru en 3750 kr. á ári. Er augljóst, hve skammt sú trygging
nær, þegar kaupmáttur krónunnar er jafnlítill og nú. Reynslan hefur sýnt, að ekkju-
tryggingunni og örorkutryggingunni hefur verið mjög ábótavant frá upphafi. Barna-
trygging hefur engin verið í sjóðunum. Er það talsverður galli, þar sem þörfin fyrir
hana getur verið mjög brýn, en kostnaðurinn af hóflegri barnatryggingu mundi ekki
vera stórvægilegur fyrir sjóðinn.

Í gildandi lögum er engin heimild til að endurgreiða iðgjöld úr sjóðunum, þótt
menn fari úr þeim í lífanda lífi án þess að fá lífeyri. Það hefur þó verið gert í mörg-
um slíkum tilfellum, aðallega samkvæmt fjárlagaheimildum, en ekki öllum. Nær það
vitanlega engri átt, að sumir fái endurgreiðslu, en aðrir ekki. Eftir reynslunni má
ætla, að fullt jafnrétti verði ekki tryggt með öðru en því að heimila endurgreiðsluna
í lögnum. Það virðist og sanngjarnt, að þeir, sem fara út sjóðunum án þess að fá
lífeyri, eigi rétt á að fá aftur mestan hluta þess, er þeir hafa greitt í þá.

Á síðari árum hafa komið fram háværar kröfur frá föstu starfsfólki ýmissa
opinberra stofnana um, að því yrðu tryggð ákveðin eftirlaun. Einfaldast virðist að
verða við óskum þessa fólks með því að opna því aðgang að lífeyrissjóði embættis-
manna. Það má og gera ráð fyrir, að margt af því kæmi í hann síðar hvort eð væri
eftir væntanlega endurskoðun launalaganna.

Á síðustu árum hafa mörg fyrirtæki og stofnanir komið upp eftirlaunasjóðum
fyrir starfsfólk sitt. Hafa þau lagt fram stofnfé og greiða í flestum tilfellum helming
iðgjalda, í engu tilfelli minna, en í nokkrum meira. Með þessum og öðrum ráðum
reyna einkafyrirtæki nú að draga til sín starfslið frá hinu opinbera. Ríkið mun tæp-
lega geta mætt þessari samkeppni á annan heppilegri hátt en með því að endurbæta
þær tryggingar, er starfsmenn þess njóta. Með því væri stuðlað að auknum sparnaði
hjá þegnum. Og þeir einir mundu njóta framlags ríkisins, sem láta ekki ginnast
af smávægilegum yfirboðum einkafyrirtækja.“

Ríkisstjórnin fól oss undirrituðum að semja frumvarp það, er í þingsálykt-
uninni greinir. Samkvæmt því höfum við samið meðfylgjandi frumvarp til laga
um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og frumvarp til laga um lífeyrissjóð barna-
kennara og ekkna þeirra. Ástæðan til þess, að frumvörpin eru tvö, er sú, að það þótti
heppilegra að láta lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra starfa framvegis sem
hingað til sem sérstakan sjóð, en að öðru leyti verður tilhögun sjóðanna hin sama í
framtidinni, nái frumvörp þessi fram að ganga. Hin almenna greinargerð, sem hér
fer á eftir, er því sameiginleg fyrir frumvörpin bæði.

Þegar lífeyrissjóðir embættismanna og barnakennara voru stofnaðir, voru
ákveðnar reglur um réttindi sjóðfélaga og skyldur. Kapitalverð skuldbindinga sjóðs-
ins til að greiða stofnendum og mökum þeirra lífeyri, mun hafa verið talsvert meira
en kapitalverð þeirra iðgjalda, er stofnendum bar að greiða. Stofnfé það, er sjóðirnir
fengu, mun ekki hafa verið nóg til þess að þeir væru í jafnvægi. Við rannsókn á fjár-
hag þessara sjóða sumarið 1940 kom í ljós, að talsvert vantaði á, að jafnvægi væri
á milli væntanlegra útgjalda sjóðanna annars vegar og eigna þeirra og væntanlegra

tekna hins vegar, ef gengið var út frá 5% vöxtum á ári. Þetta er eigi undarlegt, þegar þess er gætt, að það, sem vantaði á stofnféð í byrjun, væri nú orðið ca. 3,5 sinnum meira, ef sjóðirnir hefðu haft það í sinni vörzlu. Þá ber og að gæta þess, að talsvert hefur verið gert að því að endurgreiða iðgjöld úr sjóðunum, en ekki var gert ráð fyrir neinum slíkum endurgreiðslum við stofnun þeirra. Að vísu hafa sjóðirnir fengið svo háa vexti hingað til, að þeir kynnu að geta staðizt, ef þeir fengu eins háa vexti framvegis. En í seinni tíð hafa skilyrðin til ávöxtunar á fé breytt svo mjög sjóðunum í óhag, að fjárhagur þeirra er ekki tryggur.

Reynsla sú, sem fengin er af starfsemi sjóðanna, hefur leitt í ljós, að tryggingarnar þurfa endurbóta við á ýmsum sviðum. Á tímum eins og nú standa yfir verða allar lífeyrisgreiðslur ónógar, ef miðað er við grunnlaun eingöngu. Það virðist því óhjákvæmilegt, að verðlagsuppbætur séu teknar með í reikninginn bæði við lífeyrisgreiðslur og iðgjaldagreiðslur.

Ekknalífeyririnn hefur í flestum tilfellum reynzt svo lágur, að hann hefur lítið gagn gert. Þá hefur það þótt mikil vöntun, að ekki er ákveðinn styrkur handa börnum sjóðfélaga, sem eru í ómegð við fráfali þeirra. Enn fremur er örorkutryggingunni verulega ábótavant.

Í frumvörpum þessum eru gerðar tillögur um verulegar endurbætur á þessum sviðum öllum. Barnatryggingin getur varla orðið sjóðunum mjög dýr, en hlýtur þó að kosta eitthvað. Öðru máli gegnir um örorku- og ekkjutrygginguna. Miklar endurbætur á þeim mundu verða dýrar. Hefur því eigi verið unnt að leggja til svo miklar endurbætur þar sem æskilegt hefði verið.

Endurbæturnar hljóta samt sem áður að kosta sjóðina talsvert mikið. Til þess að veða á móti því, verður að hækka iðgjöldin. Má gera ráð fyrir, að iðgjaldið þyrfti að vera 8 til 9% af launum fyrir nýja sjóðfélaga. Þá er einnig lagt til, að hámark ellilífeyris verði 60% af meðallaunum síðustu 10 ára, að verðlagsuppbót meðtalinni, í stað 75% af hámarksalaunum án verðlagsuppbótar. Þetta bætir talsvert aðstöðu sjóðanna. Þar sem síðustu launin eru að jafnaði um leið hámarksalaun, mun þessi breyting í flestum tilfellum hækka ellilífeyririnn á meðan vísitalan, sem launin eru greidd eftir, er hærri en 125 stig.

Reglunum um ellilífeyririnn hefur einnig verið breytt að því er snertir sjóðfélaga, sem ekki hafa öðlzt hámarksréttindi. Er það gert til þess að skapa dálítið meira jafnrétti en verið hefur á milli sjóðfélaganna.

Frá því að lífeyrissjóðir embættismanna og barnakennara voru stofnaðir, hafa mörg einkafyrirtæki hér á landi stofnað eftirlaunasjóði fyrir starfsfólk sitt. Hafa þau flest lagt fram nokkurt stofnfé og greiða nokkurn hluta iðgjaldsins. Mörg greiða helming þess, ekkert minna en það, en sum meira, og dæmi eru til að þau greiða það allt. Endurgreiðsluréttur er heimilaður að því er snertir þann hluta iðgjaldsins, sem starfsmenn greiða sjálfir. Virðist sú regla mjög sanngjörn, að sá hluti iðgjaldsins, er sjóðfélagar greiða sjálfir, sé skoðaður sem þeirra eign, en að sá hluti iðgjaldsins, sem stofnunin greiðir, komi sjóðfélögum eða aðstandendum þeirra ekki að gagni, nema þeir vinni hjá stofnuninni, unz starfsorkan þrýtur sökum elli, örorku eða dauða.

Lagt er til, að reglur einkafyrirtækjanna verði teknar upp á þessu sviði í lífeyris-sjóðum embættismanna og barnakennara, þ. e. að hið opinbera greiði nokkurn hluta iðgjaldanna og að endurgreiðsla iðgjalda verði heimilud að því er snertir þann hluta iðgjaldanna, sem sjóðfélagarnir hafa sjálfir greitt.

Ætlazt er til þess, að umbæturnar á tryggingunum komi öllum núverandi sjóðfélögum til góða, enda þótt þeir hafi ekki greitt það iðgjald, sem svarar til þessarar auknu tryggingar frá því þeir komu í sjóðina. Ef iðgjöldin væru ekki ákveðin hærri en ætla mætti, að þau þyrftu að vera fyrir nýja sjóðfélaga, mundi þetta auka við þá fjárvöntun, sem fyrir er í sjóðunum. Varla koma til greina nema tvær leiðir til þess að koma sjóðunum í jafnvægi. Önnur er að leggja sjóðunum í eitt skipti fyrir öll það fé, sem til þess þarf. Hin er að ákveða iðgjöldin nokkru hærri en búizt er við, að þau

þurli að vera fyrir nýja sjóðfélaga. Hin síðari leiðin hefur verið valin. Þer það einkum til, að örðugt er að segja um, hve mikið fé þyrfti að leggja í eitt skipti fyrir öll. En ætla má, að það verði miklum mun auðveldara að segja til um það eftir nokkur ár, hvort fært sé að lækka iðgjöldin og hve mikið.

Þar sem ríkið ber ábyrgð á fjárhag sjóðanna og þar með á þeirri fjárvöntun, sem mun vera í þeim nú, virðist eðlilegt, að byrðin við að koma þeim í jafnvægi sé lögð á hið opinbera. Þess vegna er gert ráð fyrir, að það greiði fyrst um sinn 50% hærra iðgjald en launþegarnir, enda þótt hugmyndin sé, að byrðin eigi að skiptast nokkuð jafnt á milli launveitanda og launþega, þegar fram í sækir.

Allar þær breytingar, sem frumvörpin gera ráð fyrir á fjárhagsgrundvelli sjóðanna, eru í samræmi við áðurnefnda þingsályktun um endurskoðun á lögum um Lífeyrissjóð embættismanna og Lífeyrissjóð barnakennara.

Talsverð vandkvæði eru á því að gera nákvæma áætlun um þann kostnað, sem breytingin hefur í för með sér fyrir ríkissjóð.

Á árinu 1941 greiddu embættismenn iðgjöld í sjóð sinn af 1643 þús. kr. Þetta er þó ekki heildarupphæð þeirra grunnlauna, sem þeir hafa fengið úr ríkissjóði. Í fyrsta lagi greiðir enginn iðgjöld af meiru en 5 þús. kr. á ári. Í öðru lagi eru ýmsir menn, er taka laun eftir launalögum, sem hafa fasta borgun frá ríkinu umfram launin, sökum þess, að launalögin hafa þótt úreitt að því er þá snertir. Fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir um það, hve mikill hluti grunnlaunanna hefur verið iðgjaldsfrjáls af þessum orsökum. Sé gert ráð fyrir, að það hafi verið $\frac{1}{4}$ hluti, svarar það til, að heildargrunnlaunin hefðu verið 2191 þús. kr.

Starfsmenn þeir, er um getur í 3. gr. staflíð 2 í frumvarpinu um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, mundu bætast við sem nýir sjóðfélagar, ef frumvarpið yrði að lögum. Þá má og gera ráð fyrir, að flest það fólk, er um getur í 4. gr. staflíð 1, muni bætast við sjóðinn.

Samkvæmt upplýsingum, fengnum í fjármálaráðuneytinu, hafa grunnlaun þessara aðila numið að minnsta kosti 2107 þús. kr. á árinu 1941. Þar sem sumar launaskýrslurnar voru nokkurra ára, má gera ráð fyrir, að talan sé eitthvað of lág. Áætlun hefur verið gerð um, að nægjanlegt mundi að hækka hana um 142 þús. kr.

Heildarupphæð sú, er iðgjöld yrðu greidd af í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, gætu því numið allt að 4440 þús. kr. miðað við grunnlaun á árinu 1941.

Grunnlaun þau, er barnakennarar greiddu iðgjöld af í lífeyrissjóð sinn á árinu 1941, námu 967 þús. kr. Þar af var greitt úr ríkissjóði kr. 409 þús. Heildarupphæð grunnlaunanna úr ríkissjóði hefur því numið allt að kr. 4849 þús. á árinu 1941. Síðan hafa grunnlaunin verið hækkuð um 25 til 30%. Sé gert ráð fyrir, að meðalhækkunin sé 27%, nemur hámark grunnlaunanna nú kr. 6158 þús. 6% af því er kr. 369,5 þús. Þessa tölu þarf svo að margfalda með hlutfallinu á milli heildarlauna opinberra starfsmanna og grunnlauna þeirra. Sé til dæmis gert ráð fyrir, að þetta hlutfall verði 2,5 á næsta ári, mætti gera ráð fyrir, að heildarútgjöld ríkissjóðs til iðgjaldagreiðslunnar gætu orðið allt að kr. 924 þús. á næsta ári.

Á móti þessum útgjöldum mundi koma talsverður sparnaður á öðrum gjaldaliðum ríkisins. Í fyrsta lagi ber ekkjum embættismanna, sem verið hafa í Lífeyrissjóði embættismanna, lífeyrir úr ríkissjóði. Nemur hann 10% af byrjunarlaunum þess embættis, er viðkomandi embættismaður gegndi síðast. Nýjar greiðslur af þessu tagi koma ekki fyrir, ef frumvörpin verða að lögum. Í öðru lagi ber að líta á það, að verði starfsfólki við ríkisstofnanir ekki tryggð eftirlaun úr sérstökum sjóði, munu eftirlaun verða greidd af fé stofnananna í ýmsum tilfellum. Ekki er unnt að segja neitt um, hve miklu þetta muni nema. Aðeins skal bent á, að þannig löguð eftirlaun hvíla eingöngu á stofnuninni. En frumvörpin gera ráð fyrir, að byrðinni verði skipt á milli stofnananna og starfsfólksins.

Um einstakar greinar frumvarpsins um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Ástæða þótti til að breyta heiti sjóðsins, er starfssvið hans er aukið svo mjög sem hér er gert ráð fyrir. Sjóðurinn verður fyrst og fremst lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, þar sem þeir verða svo að segja allir sjóðfélagar, og virðist því eiga vel við að kenna hann við þá, enda þótt svo geti farið, að fleiri verði sjóðfélagar, ef heimild 4. gr. 2—3 verður notuð.

Um 2. gr.

Það kemur fram í greininni, að þeir einir eru sjóðfélagar, er bæði greiða iðgjöld til hans og eiga rétt á lífeyri úr honum. Óþarfi þótti að taka það fram, að iðgjaldaskyldan fellur niður, er menn fara að taka ellilífeyri úr sjóðnum eða láta af störfum vegna örorku, og teljast þeir menn þá eigi lengur til sjóðfélaga. Hins vegar er sá, sem vegna takmarkaðrar örorku hefur misst nokkuð af launum sínum og nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, framvegis sjóðfélagi, enda greiðir hann þá iðgjöld af launum þeim, er hann heldur.

Um 3. gr.

Samkvæmt lögum nr. 51/1921 tekur lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra aðeins til þeirra embættismanna, er taka laun eftir hinum almennu launalögum, þ. e. lögum um laun embættismanna, nr. 71 28. nóv. 1919, og yngri lögum um breytingar á þeim. Er að sjálfsögðu ætlað til, að þessir menn verði sjóðfélagar framvegis sem hingað til. En með frumvarpi þessu er að því stefnt að gera starfssvið sjóðsins miklu viðtækara en það er nú og láta hann einnig taka til þeirra mörgu starfsmanna, sem nú taka laun úr ríkissjóði utan launalaganna, þannig að aðalreglan verði sú, að allir starfsmenn ríkisins verði sjóðfélagar, án tillits til þess, hvort þeir taka laun sín eftir launalögnum eða ekki, og án tillits til þess, hvort þeir yrðu taldir embættismenn eða ekki, eftir því sem það orð annars er skilið, sbr. t. d. stj.skr. 15. Þó eru hér gerðar tvennar takmarkanir. Annars vegar eru þeir starfsmenn einir taldir sjóðfélagar, sem annaðhvort eru ráðnir til eins árs hið skemmsta eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti, og vinna starf sitt í þjónustu ríkisins sem aðalstarf sitt. Í annan stað er í niðurlagsákvæði greinarinnar mælt svo fyrir, að lífeyrissjóðir, sem stofnaðir hafa verið með lögum fyrir sérstaka flokka starfsmanna, skuli framvegis vera sjálfstæðir sjóðir, og að sjóðfélagar þeirra verði því ekki sjóðfélagar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Er þar um tvo sjóði að ræða, lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, samkvæmt l. nr. 33 27. júní 1921 og l. nr. 28 20. júní 1923, og lífeyrissjóð ljósmæðra samkvæmt l. nr. 86 11. júní 1938 og l. nr. 114 30. maí 1940.

Um 4. gr.

Í grein þessari er veitt heimild til að taka inn í sjóðinn ýmsa flokka starfsmanna, sem eigi er skylt að vera sjóðfélagar samkvæmt 3. gr. Gr. þarfnast eigi skýringar, en þess skal aðeins getið, að undir 1. lið mundu t. d. falla starfsmenn Landsbankans og Búnaðarbankans, starfsmenn Tryggingarstofnunar ríkisins og Skipaútgerðar ríkisins, starfsmenn við einkasölur ríkisins o. s. frv. Undir 3. lið mundu t. d. starfsmenn við héraðsskólana falla.

Um 5. gr.

Sjálfsagt þykir að veita þeim mönnum, er bætast við í tölu sjóðfélaga, kost á að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, er þeir hafa starfað áður en þeir gerðust sjóðfélagar. Nánari ákvæði um það, hversu dýrt kaupa þurfi þessi réttindi, þykir hentugra að hafa í reglugerð sjóðsins en að fastákveða þau í lögnum sjálfum.

Um 6. gr.

Samkv. 2. gr. 1. 51/1921 kveður landsstjórnin með reglugerð á um stjórn sjóðsins og með 5. gr. reglug. 113 17. sept. 1921 var sjóðurinn lagður undir stjórn fjármálaráðherra, og svo er enn. Í gr. þessari er falið það nýmæli, að skipa skuli sérstaka stjórn fyrir sjóðinn með þeim hætti, sem nánar er lýst í greininni. Má ætla, að það sé hag-

kvæmara, bæði fyrir sjóðinn sjálfan og sjóðfélaga, að sérstök nefnd fari með mál hans, heldur en að þau liggi sem hvert annað afgreiðslumál undir eitt af ráðuneytunum. Eðlilegt er og, að sjóðfélagar sjálfir eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins. Er hér ákveðið, að nánari fyrirmæli um val fulltrúa þeirra skuli sett í reglugerð sjóðsins, og bent til þess, að fela megi félagsskap þeirra að velja hann.

Um 7.—8. gr.

Greinar þessar þarfnast eigi skýringar.

Um 9. gr.

Rannsókn sú, sem hér er mælt fyrir um, á að tryggja það, að veitur, sem vera kunna á fjárhag sjóðsins, komi í ljós svo fljótt, að auðveldara reynist að bæta úr þeim, og á hinn bóginn það, að iðgjöldum til sjóðsins sé eigi haldið óþarflega háum.

Um 10.—17. gr.

Um greinar þessar nægir að visa til inngangsins að greinargerð þessari. Þess skal þó getið, að þegar hámark örorkulífeyris í 13. gr. er miðað við meðallaun öryrkjans síðustu 10 starfsár hans, þá kemur sú regla því aðeins til greina að fullu, að starfstími hans sé 10 ár eða lengri. Sé starfstíminn hins vegar styttri en 10 ár, verður að miða við meðallaun þann tíma, er hann gegndi starfanum.

Út af 2. mgr. 14. gr. skal það tekið fram, að sú endurgreiðsla iðgjalda, sem þar ræðir um, á að vera nokkurs konar uppbót til hins eftirlifandi maka fyrir það, að hann fær eigi lífeyri úr sjóðnum. Það er því hinn eftirlifandi maki einn, sem endurgreiðslurétt þennan á, en ekki bú hins látna eða aðrir erfingjar hans.

Um 18. gr.

Greinin er í samræmi við l. 51/1921, 6. gr.

Um 20. gr.

Með þessu ákvæði á að tryggja það, að lífeyririnn komi þeim mönnum sjálfum að gagna, sem hann er ætlaður. Núgildandi ákvæði, sbr. l. nr. 19 4. nóv. 1887, 30. og 32. gr.